

Að gefnu tilefni

Reykjavík, 12. febrúar 2014

YFIRLÝSING

Við dómsuppkvaðningu Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. 720/2013 þann 12. febrúar 2014 var undirrituðum gerð réttarfarssekt í dómsorði.

Ástæður réttarfarssektarinnar eru tilgreindar í forsendum dómsins. Í kjölfar birtingar birtu fjölmiðlar af því fréttir að lögmanni hefði verið gerð sekt vegna skróps.

Ég hafna því að ég hafa brotið gegn skjólstæðingi mínum og/eða sýnt dómi vanvirðu.

Ég tel afgreiðslu dómara tilhæfulausa og mun leita eftir því á öðrum vettvangi að fá henni hnekk

Til glöggvunar fylgir endurrit þingbókar ásamt innfærðum athugasemdum mínum og fylgigögnum.

Í athugasemdum er fundið að því að dómari hafi ekki tilkynnt verjanda um dagsetningar á fyrirtökum, að lögmaet boðuð forföll eru skráð sem ólögmaet, að þingbók málsins ber þess merki að vera breytt eftir á, að ekki er boðað til þinghalda með formlegum hætti, að dómari misritar dagsetningar fyrirtöku og leiðréttir ekki, að dómari á í einhliða samskiptum við ákærvald um frestun máls utan réttar og að ekki var haft samband við verjanda þegar hann mætti ekki til þinghalds þann 4. febrúar 2014.

Að sönnu gerði ég mistök þegar ekki var mætt til aðalmeðferðar og er misritun í dagbók um að kenna. Vandræðalítið var fyrir dóminn að hafa samband við lögmannsstofuna og leita skýringa á útivist. Dómari kaus hins vegar að gera það ekki og undrar.

Ég hef beðið skjólstæðing minn afsökunar á mistökum mínum og tók hann því vel.

Virðingafyllst,



Stefán Karl Kristjánsson, hdl.